



## Í átt að grænum hagvexti

### Útdráttur á íslensku

- Með hugtakinu „grænn hagvöxtur“ er átt við þegar hagvöxtur og framþróun fara saman við að tryggja að náttúruverðmæti veiti áfram þær auðlindir og svonefnda þjónustu vistkerfa sem velferð fólks byggir á. Til að stuðla að grænum hagvexti þarf að örva fjárfestingu og nýsköpun sem renna stoðum undir langvarandi hagvöxt og skapa ný efnahagsleg tækifæri.
- Óskynsamlegt og ósjálfbært væri hins vegar að halda áfram á sömu braut og áður í umhverfislegu tilliti, sem gæti haft í för með sér alvarlegar óbeinar afleiðingar fyrir lífsgæði og lífskjör auk þess að hefta hagvöxt og þróun. Það gæti m.a. leitt til vatnsskorts, flöskuhálsa á auðlindum, loft- og vatnsmengunar, loftslagsbreytinga og taps á líffræðilegri fjölbreytni. Því er brýnt að stuðla að grænni hagvexti.

## Forsendur græns hagvaxtar

Grænn hagvöxtur felur í sér mögulegar lausnir á efnahags- og umhverfisvandamálum og getur skapað nýjar uppsprettur hagvaxtar með eftirfarandi leiðum:

- **Framleiðni.** Hvatar til skilvirkari notkunar á auðlindum og náttúruverðmætum: Að auka framleiðni, draga úr úrgangi og orkunotkun og stuðla að því að auðlindir séu notaðar á þann hátt sem skapar mest verðmæti.
- **Nýsköpun.** Tækifæri til nýsköpunar í krafti stefnumiða og rammaskilyrða um nýjar leiðir til að taka á umhverfisvandamálum.
- **Nýir markaðir.** Sköpun nýrra markaða með örvun eftirspurnar eftir grænni tækni, vörum og þjónustu; sköpun nýrra atvinnutækifæra.
- **Tiltrú.** Aukin tiltrú fjárfesta með meiri fyrirsjáanleika og stöðugleika með tilliti til þess hvernig stjórnvöld munu taka á meiriháttar umhverfismálum.
- **Stöðugleiki.** Meiri þjóðhagslegur stöðugleiki, stöðugra aðfangaverð og stuðningur við aðhald í opinberum fjármálum, t.d. með endurskoðun á skiptingu opinberra útgjalda og á hagkvæmni í því tilliti og tekjuaukningu með verðlagningu mengunar.

Stöðugleiki getur einnig dregið úr hættu á neikvæðum áhrifum á hagvöxt af:

- **Flöskuhálsur á auðlindum** sem gera fjárfestingu kostnaðarsamari, t.d. vegna dýrra mannvirkja sem byggja þarf þegar vatnsbirgðir verða af skornum skammti eða gæði þeirra þverra (t.d. afsóltunarbúnaður). Þegar gengið er á höfuðstól náttúrunnar í þessu tilliti getur tapið af því verið meira en sem nemur tekjum af viðkomandi efnahagsstarfsemi, sem grefur undan getunni til að viðhalda hagvexti í framtíðinni.
- **Ójafnvægi** í kerfum náttúrunnar auka einnig hættuna á mun alvarlegri, skyndilegum, afar skaðlegum og hugsanlega óafturkræfum áhrifum – eins og dæmi eru um með tiltekna fiskistofna. Þannig geta áframhaldandi loftslagsbreytingar t.d. skaðað líffræðilega fjölbreytni. Tilraunir til að greina hugsanleg hættumörk benda til þess að í sumum tilvikum – t.d. hvað varðar loftslagsbreytingar, hringrás köfnunarefnis og tap á líffræðilegri fjölbreytni – hafi þegar verið farið yfir þau mörk.

## Rammi um grænan hagvöxt

Ekki er um að ræða neina eina allsherjarforskrift að því hvernig stuðla eigi að grænum hagvexti. Taka þarf mið af stefnumiðum stjórnvalda og stofnana, þróunarstigi, fjárhagslegri og annarri getu og því hvaða umhverfislegu þættir eru viðkvæmir. Þróuð ríki, nýmarkaðslönd og þróunarlönd standa frammi fyrir mismunandi áskorunum og tækifærum. Sama máli gegnir um lönd í mismunandi efnahagslegum og pólitískum aðstæðum.

Hins vegar eru vissir þættir sameiginlegir með öllum löndum. Mestu varðar að skynsamleg hagstjórn er forsenda græns hagvaxtar. Sveigjanlegt og kraftmikið hagkerfi er almennt betur fallið til grænvæðingu hagvaxtar. Grænvæðingin krefst mun skilvirkari nýtingar auðlinda til að lágmarka álag á umhverfið. Skilvirk nýting og stjórnun auðlinda eru meginmarkmið grænnar hagstjórnar og þörf verður á ýmsum efnahagslegum afskiptum og eftirliti hins opinbera sem eru yfirleitt ekki tengd grænum áherslum. Í öllum tilfellum munu aðgerðir stjórnvalda krefjast mjög heildrænnar sýnar, þ.e. ekki aðeins hefðbundinna „grænna“ stefnumiða.

Stefnumótun um grænan hagvöxt byggir á samverkun efnahags- og umhverfisþátta. Hún tekur fullt mið af virði náttúruauðs sem framleiðsluþáttar og hlutverki hans í hagvexti. Hún leggur áherslu á hagkvæmar leiðir til að draga úr álagi á umhverfið, nýjar leiðir til hagvaxtar og að ekki sé farið yfir umhverfisleg hættumörk á staðar-, svæðis- og alþjóðavísu.

Nýsköpun kemur til með að gegna lykilhlutverki. Núverandi framleiðslutækni og neytendahegðun skilar ávinningi aðeins að vissu marki og handan við þau mörk er hættan sú að rýrnun náttúruauðlinda hafi neikvæð áhrif á almennan hagvöxt. Við vitum ekki nákvæmlega hvar þessi mörk liggja í öllum tilvikum en vitað er að geta endurframleiðsluþátta (e. reproducible capital) til að koma í stað þverrandi náttúruauðlinda er takmörkuð án nýsköpunar. Með því að færa út þessi mörk getur nýsköpun stuðlað að því að aftengja hagvöxt frá eyðingu náttúruauðlinda.

Í stefnumörkun um grænan hagvöxt er viðurkennt að sé einblínt um of á verga landsframleiðslu sem mælikvarða á efnahagsframfarir er horft fram hjá tillagi náttúruauðlinda til auðlegðar, heilbrigðis og lífsgæða. Slík stefna þarf því

að taka mið af ýmsum árangursmælikvörðum á gæði og samsetningu hagvaxtar sem og raunverulegra áhrifa þessara þátta á efnahag og velferð fólks. Að þessu og ýmsu öðru leyti er grænn hagvöxtur mjög snar þáttur í sjálfbærri þróun (kassi 1).

Efnahagslegur kostnaður af losun mengunarefna og ofnýtingu ýmissa náttúruauðlinda er tiltölulega vel þekktur. Að þessu leyti er skýr ávinningur af framkvæmd réttra stefnumiða. Í sumum tilfellum er tímasetning ávinnings af því að viðhalda svonefndri þjónustu vistkerfa (e. ecosystem services), og það hve mikill ávinningurinn verður, háð óvissu vegna flókins samspils milli þjónustu vistkerfa, loftslagsbreytinga og líffræðilegs fjölbreytileika. Engu að síður geta aðgerðir í dag til að sporna gegn óhagstæðri eða óafturkvæmri þróun eða jafnvel stórhörmungum komið í veg fyrir mikinn efnahagslegan kostnað í framtíðinni.

Því þarf að horfa til lengri tíma þegar efnahagslegar ákvarðanir eru teknar. Hagvöxtur og tækniþróun eru þættir sem styðjast hvor við annan eftir ákveðnum mynstrum sem mynda oft svonefnda „vegartrygð“ (e. path dependency), þ.e. erfitt verður að snúa af ákveðinni braut þegar ákvörðun hefur verið tekin, og þannig geta óhagkvæmar lausnir haldið velli um ófyrirséðan tíma (e. lock-in). Umhverfisáhrif eru auk þess stighækkandi og stundum óafturkræf. Því eru sterk tengsl á milli ákvarðana í dag og efnahagslegra tækifæra í framtíðinni.

### **Kassi 1. Grænn hagvöxtur og sjálfbær þróun**

Sjálfbær þróun er mikilvægur þáttur í samhengi við grænan hagvöxt. Stefnumið OECD um grænan hagvöxt (OECD Green Growth Strategy) byggja á fjölda greininga og stefnumörkun sem rekja má til Ríó-ráðstefnunnar fyrir tuttugu árum. Þessi stefnumið fela í sér skýra og markvissa áætlun um framkvæmd ýmissa markmiða um sjálfbæra þróun sem þróuð voru í Ríó.

Grænn hagvöxtur kemur ekki í stað sjálfbærrar þróunar heldur er hann undirflokkur hennar. Hann tekur þannig til þrengra sviðs og miðar að því að ná áþreifanlegum og mælanlegum árangri svo að segja á mörkum efnahags og umhverfis. Til að stuðla að grænum hagvexti þarf að hlúa að nauðsynlegum skilyrðum fyrir nýsköpun, fjárfestingu og samkeppni sem geta leitt af sér nýjar uppsprettur hagvaxtar sem samræmast heilbrigðum vistkerfum.

Í stefnumiðum um grænan hagvöxt þarf að taka sérstakt mið af mörgum félagslegum og sanngirnissjónarmiðum sem spurningar kunna að vakna um í sambandi við grænvæðingu hagkerfa – bæði á lands- og alþjóðavísu. Þetta er nauðsynlegur þáttur ef vel á að takast til við framkvæmd slíkra stefnumiða, en sú framkvæmd þarf einnig að samræmast aðgerðum sem miða að sjálfbærri þróun í almennara tilliti.

Stefnumið OECD um grænan hagvöxt fela í sér aðgerðaramma sem er ætlað að vera nógu sveigjanlegur til að unnt sé að laga hann að aðstæðum í mismunandi löndum og að mismunandi stigum þróunar. Starf OECD í þágu græns hagvaxtar miðar að því að ná Ríó+20 markmiðunum í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, þ. á m. UNEP, UNESCAP og Alþjóðabankann.

Samræming stefnumiða um grænan hagvöxt og minnkun fátæktar verður mikilvægur liður í að laga þennan ramma að nýmarkaðs- og þróunarlöndum. Mikilvægir samverkandi þættir eru á milli græns hagvaxtar og baráttunnar gegn fátækt, sem unnt er að nýta til framkvæmdar þúsaldarmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna um þróun. Færa þarf fólki betri innviði og grunnvirki (t.d. vatnsmannvirki og samgöngur), bæta slæmt heilsufar í tengslum við hnignun umhverfis og innleiða skilvirka tækni sem dregur úr kostnaði og eykur framleiðni ásamt því að draga úr álagi á umhverfið. Vegna þess hve mikilvæg náttúruverðmæti eru í lágtækjulöndum geta stefnumið um grænan hagvöxt dregið úr berskjöldun fátækra fyrir umhverfisáhættu og aukið afkomuöryggi þeirra.

## **Lykilþættir stefnumiða um grænan hagvöxt**

Stefnumið um grænan hagvöxt þurfa að stuðla að umhverfisvænni hegðun fyrirtækja og neytenda, snurðulausri og réttlátri tilfærslu atvinnu, fjármagns og tækni til grænni starfsemi og veita grænni nýsköpun viðunandi hvata og stuðning. Vanhugsuð stefnumið stjórnvalda, markaðshömlur og -röskun leiða til markaðsbresta, eða leiða af þeim, og því fer afkoma einkaaðila af starfsemi og heildarávinningur samfélagsins oft ekki saman. Með stefnumiðum um

grænan hagvöxt er markmiðið að samtvinna þessa tvo þætti þannig að meiri arðsvon sé af grænni fjárfestingu og nýsköpun. Einnig er markmiðið að lágmarka neikvæð áhrif á dreifingu tekna og eigna af breytingum fyrir verst settu þjóðfélagsþópna og stýra hvers kyns neikvæðum efnahagslegum áhrifum á fyrirtæki ásamt því að viðhalda hvötum til bættrar efnahagslegrar afkomu.

Framkvæmd stefnu um grænan hagvöxt krefst ýmissa stjórnækja sem byggja á tveimur grunnstoðum. Fyrri stoðin felur í sér rammaskilyrði sem stuðla að samverkun hagvaxtar og verndunar náttúruauðlinda. Þar á meðal eru lykilþættir hagstjórnar og opinbers eftirlits, s.s. skatta- og samkeppnisstefna, sem eiga að hámarka skilvirkni verðmætaráðstöfunar ef þeir eru vel útfærðir og framkvæmdir. Þetta eru kunnugleg stef hagstjórnar en með þeirri viðbótaráherslu að skila jafnmiklum ávinningi fyrir umhverfið og fyrir hagkerfið. Við þessa þætti þarf að bæta stefnumiðum um nýsköpun (1) með áherslu á hugvit og nýjar hugmyndir, sem þörf er á til að tryggja skilvirkari og ráðdeildarsamari nýtingu á náttúruauðlindum.

Seinni stoðin snýr að stefnumiðum sem hvetja til skilvirkari notkunar á náttúruauðlindum og ráðstafana í því augnamiði að gera mengun kostnaðarsamari. Í þess felast stjórnækki sem byggja á verðlagningu sem og önnur stjórnækki. Í viðauka 1 við skýrsluna er að finna nánari upplýsingar um stjórnækki sem teljast til þessara tveggja meginstoða.

Þótt aðstæður séu mismunandi milli landa ætti verðlagning mengunar eða ofnýtingar náttúruauðlinda sem eru af skornum skammti – t.d. með skattlagningu eða framseljanlegum leyfum – að vera snar þáttur í stefnunni. Verðlagning er vel til þess fallin að lágmarka kostnað af því að ná tilteknu markmiði og hvetur til frekari hagræðingar og nýsköpunar. Mikilvægt er að benda á að aukin beiting umhverfisskatta getur verið hluti af hagvaxtarmiðum umbótum á skattkerfum, með því að stuðla að því að færa hluta skattbyrðarinnar frá meira raskandi tekjuskatti á fyrirtæki og einstaklinga og frá framlögum til félagslegra kerfa. Skattar á orku og á losun koltvísýrings geta einnig verið eðlilegur þáttur stærri aðhaldsaðgerða og eru ákjósanlegur valkostur við hærri tekjuskatt á einstaklinga og fyrirtæki eða djúpan niðurskurð á opinberum útgjöldum.

Markaðsstjórnækki henta þó ekki við allar aðstæður. Í vissum tilfellum kann vel útfært eftirlit, virk stefnumið til stuðnings tæknilegri þróun og ýmsar ráðstafanir sem byggja á valfrelsi að eiga betur við eða geta verið mikilvæg viðbót við markaðsstjórnækki. Auk þess er í mörgum tilfellum unnt að stuðla að sterkari viðbrögðum fyrirtækja og neytenda við verðlagningu með upplýsingagjöf sem vekur athygli á afleiðingum umhverfisskaða af tiltekinni starfsemi og umhverfisvænni valkostum.

Breytingar á ávinningi í hagkerfinu eru aðeins hluti lausnarinnar. Þjóðfélög verða háð stofnunum og tækni sem þau þekkja. Félags- og efnahagsleg tregða getur verið svo sterk að jafnvel mjög miklar breytingar hvað varðar þann ávinning sem búast má við af tiltekinni starfsemi duga ekki til þess að breyta hegðun. Geta til nýsköpunar er afar mikilvægt afl til myndunar nýrra framleiðslu- og neyslumynstra. Nýsköpun getur skapað nýjar uppsprettur hagvaxtar, sem endurspeglar betur virði náttúruauðs fyrir þjóðfélagið, og getur dregið úr kostnaði af því að takast á við umhverfisáhrif. Stefnumið um grænan hagvöxt þurfa að fela í sér leiðir til að takast á við eftirfarandi áskoranir hvað varðar græna nýsköpun:

- Ýmis ytri umhverfiskostnaður/-ávinningur er verðlagður að of litlu leyti eða alls ekki. Oft er lítill skilningur á slíkum ytri áhrifum. Til dæmis getur verðlagning á losun kolefnis stuðlað að nýsköpun sem hefur þau áhrif að draga úr loftslagsbreytingum, en núverandi verðlagning kolefnislosunar er allt of lág til þess að svo sé.
- Vegartrygging og ráðandi staða þeirrar tækni og kerfa sem fyrir eru geta skert mjög samkeppnisstöðu nýrrar tækni og komið í veg fyrir að hún nái markaðsstöðu og vaxi. Því kann að vera þörf á tímabundnum stuðningi í ákveðnum tilfellum. Stjórnækki sem styðja við nýsköpun þurfa að vera vandlega útfærð til að hlúa að nýrri og skilvirkri tækni en lágmarka hættuna á að eldri tækni festist um of í sessi og hættuna á fákeppni eða ruðningsáhrifa á einkafjárfestingu.
- Viðskiptahindranir og hindranir fyrir fjárfestingu geta hægt mjög á þróun og miðlun grænnar tækni á alþjóðavísu. Nauðsynlegt er að ryðja þessum hindrunum úr vegi auk þess að vernda og framfylgja hugverkaréttindum til að stuðla að þróun og miðlun tækni, beinni erlendri fjárfestingu og leyfisveitingum.

Grænvæðing hagvaxtar krefst einnig stefnumiða um uppbyggingu netgrunnvirkja sem henta næstu tæknikynslóðum, einkum á sviði orku, vatnskerfa, samgangna og fjarskipta. Fjárfesting í grænum grunnvirkjum getur komið í veg fyrir að óskilvirk hagvaxtarmynstur festist í sessi, með tilheyrandi kostnaði. Hún getur eflt hagvöxt og auk þess leitt af sér bæði félagslegan og heilsufarslegan ávinning. Í þróunarlöndum verður í mörgum tilfellum unnt að byggja upp nýjar gerðir grunnvirkja án þess að notast fyrst við eldri gerðirnar, þ.e. sleppa því stigi þróunar. Vegna þeirrar miklu fjárfestingar sem þörf er á í flestum löndum verður nauðsynlegt að nýta bæði opinbera fjárfestingu og

einkafjárfestingu – t.d. með samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila, samblöndu af gjöldum og sköttum, með því að auðvelda stórum samstarfsstofnunum að ráðast í fjárfestingar, með umbótum á hindrunum í regluverki, með traustum stefnumiðum til langs tíma og með þróunaraðstoð.

Það sem mun einkum skipta sköpum um árangur stefnumiða um grænan hagvöxt er vel útfærður aðgerðarammi og samræmd viðmið um efnahags- og umhverfisstefnu. Mikla samræmingu milli ráðuneyta, stjórnsýslustiga og hagsmunaaðila utan stjórnsýslunnar þarf til að móta stefnu sem hæfir aðstæðum á hverjum stað. Í mörgum tilfellum verður nauðsynlegt að byggja upp getu innan stofnana til að fella grænan hagvöxt inn í kjarna efnahagsstefnunnar og önnur opinber stefnumið, og til að tryggja að fjármála-, efnahags- og umhverfisstofnanir séu í forystuhlutverki.

## Að tryggja samfellu á vinnumarkaði

Grænn hagvöxtur felur í sér nýja atvinnusköpun, þ. á m. störf fyrir faglærða í vaxandi grænni nýsköpunarstarfsemi. Sum störf munu tapast og því verður þörf á að auðvelda tilflutning starfsfólks frá atvinnugreinum sem eru að dragast saman til vaxandi atvinnugreina, t.d. sem koma í stað mengandi starfsemi með hreinni valkosti eða veita umhverfisþjónustu.

Stefnumið í atvinnumálum ættu að miða að því að vernda atvinnu en ekki tiltekin störf. Þau þurfa að tryggja að starfsfólk og fyrirtæki geti aðlagast fljótt að breytingum sem verða vegna grænvæðingar hagkerfisins, þ. á m. með því að grípa ný tækifæri. Með því að auðvelda tilflutning starfsfólks úr samdráttargreinum í vaxtargreinar geta slík stefnumið einnig stuðlað að sanngjarnri skiptingu aðlögunarkostnaðar af þessari þróun (2). Þörf verður fyrir nýja kunnáttu, sem krefst viðeigandi stefnumiða á sviði menntunar. Fyrri kunnáttu mun nýtast en óhjákvæmilegt er að einhver þörf verði á endurmenntun. Fræðslu- og endurmenntunaráætlanir verða þannig lykilþáttur á sviði atvinnumála.

Þó ber að varast að gera of mikið úr aðlögunarþörfinni. Til dæmis er unnt að minnka losun gróðurhúsalofttegunda umtalsvert án mikilla áhrifa á atvinnuvöxt. Raunar getur ástand á vinnumarkaði batnað ef tekjur af verðlagningu kolefnislosunar eru notaðar til að efla vinnuafllseftirspurn. Að auki ber að líta til jákvæðra áhrifa græns hagvaxtar á atvinnu.

## Áhrif á dreifingu tekna og eigna

Nauðsynlegt er að gera grein fyrir áhrifum græns hagvaxtar á dreifingu tekna og eigna í samfélaginu, eða svonefndum dreifingaráhrifum. Það er útbreidd skoðun að dreifingaráhrif tiltekinna opinberra stjórnækja hljóti að verða efnameiri aðilum til framdráttar á kostnað hinna efnaminni (e. regressive). Þetta er ekki endilega rétt en nema tekið sé á slíkum áhyggjuefnum og gerð grein fyrir þessum þáttum geta vaknað spurningar um hvort viss lykilstefnumið séu ásættanleg.

Til dæmis mun það að hætta smám saman hvers kyns niðurgreiðslum jarðefnaeldsneytis hafa jákvæð áhrif á umhverfið og hagkerfið í heild en getur falið í sér neikvæðar afleiðingar fyrir sumar þjóðir eða þjóðfélagshópa til skemmri tíma. Tjónið af herra eldsneytisverði verður strax augljóst og umtalsvert fyrir suma á meðan lengri tíma tekur fyrir hinn efnahagslega, félagslega og umhverfislega ávinning að koma fram og breiðast út. Þörf verður á markvissum jöfnunaraðgerðum, einkum á nýmörkuðum þar sem fólk er viðkvæmast fyrir aðlögunarkostnaðinum af grænvæðingu hagvaxtar.

## Alþjóðasamstarf í þágu græns hagvaxtar

Uppbygging græns hagvaxtar á alþjóðavísu mun krefjast bættis alþjóðasamstarfs. Styrking innviða til að halda utan um alþjóðleg almannagæði (e. global public goods), einkum líffræðilegan fjölbreytileika og loftslag jarðarinnar, er lykillinn að lausn vandamála sem tengjast samræmingu og hvata. Samkomulagið sem náðist á loftslagsráðstefnunni í Cancún í Mexíkó gefur ástæðu til bjartsýni á að árangur geti náðst, en halda verður slíku starfi áfram. Sér í lagi þarf fjárstreymi að knýja áfram vöxt og þróun og orka sem hvati til að viðhalda gæðum alþjóðlegra sameigna.

Opinber þróunaraðstoð (ODA) getur haldið áfram að gegna mikilvægu hlutverki í að skapa aðstæður fyrir grænan hagvöxt, með áherslu á landsvæði þar sem hvatar til einkafjárfestingar eru takmarkaðir og fjárstreymi lítið, m.a. með uppbyggingu mikilvægra grunnvirkja, innviða og getu einstaklinga og stofnana. Samstarf á sviði vísinda og tækni þarf

einnig að efla með sameiginlegu átaki um að flýta tækniþróun og miðlun tækni auk þess að byggja upp rannsóknargetu í þróunarlöndum.

Ráðstafanir til eflingar alþjóðlegra viðskipta og fjárfestinga gætu rennt stöðum undir viðvarandi hagvöxt og miðlun grænnar tækni. Einnig er þörf á að tryggja að ekki sé grafið undan þróunarhorfum lágtekjulanda með hugsanlegum smitáhrifum á innanlandsviðskipti eða fjárfestingar. Sum ríki hafa lýst yfir áhyggjum af því að viðskipti og fjárfestingar gætu orðið fyrir neikvæðum áhrifum ef aðilar sem aðhyllast verndarstefnu mótuðu stefnumið um grænan hagvöxt.

Þótt verndarstefna á sviði fjárfestinga í tengslum við stefnumið um grænan hagvöxt hafi hingað til ekki verið talin stórfellt vandamál er ástæða til að hvetja til áframhaldandi árvekni hvað þetta varðar. Í hringborðsumræðum OECD um fjárfestingafrelsi (Freedom of Investment Roundtable) verður haldið áfram að fylgjast með ráðstöfunum er varða fjárfestingar til að tryggja að þeim sé ekki beitt sem dulbúnum verndarráðstöfunum. Nýlega skýrslu hringborðsins um að virkja öfl fjárfestingafrelsis í þágu græns hagvaxtar („Harnessing Freedom of Investment for Green Growth“) er að finna í viðauka 2, en skýrslan fjallar um það markmið að stuðla að samverkun stefnumiða stjórnvalda á sviði umhverfis og fjárfestinga.

## Árangurseftirlit

Eftirlit með því hvernig grænum hagvexti miðar ætti að byggjast á mælikvörðum á: (i) framleiðni í nýtingu umhverfislegra verðmæta og náttúruauðlinda; (ii) náttúru eignagrunninn (e. natural asset base); (iii) umhverfislega þætti lífsgæða; (iv) viðbrögð stjórnvalda og efnahagsleg tækifæri. Fyrir hvern þessara þátta hefur verið lagður fram listi árangursvísa í skýrslunni Towards Green Growth: Monitoring progress – OECD Indicators. Þessi listi er í vinnslu og mun taka breytingum eftir því sem meiri gagna verður aflað og hugtök þróast.

Fyrirliggjandi rannsóknir benda til þess að framleiðni auðlinda og umhverfisverðmæta hafi farið vaxandi. Þótt umtalsverður munur sé á milli landa hafa vöxtur vergrar landsframleiðslu og aðrir mælikvarðar á framleiðni haft tilhneigingu til að vaxa hraðar en svonefnt umhverfisílag (e. environmental inputs) í framleiðslukerfinu. Bættari framleiðni umhverfisverðmæta hefur þó ekki fylgt heildarminnkun álags á umhverfið eða sjálfbær nýting tiltekinn náttúruverðmæta.

Mælikvarða á hið „græna hagkerfi“ þarf einnig að túlka með gát. Sé einungis miðað við stærð atvinnugreina sem koma að framleiðslu umhverfisgæða og -þjónustu er hið græna hagkerfi tiltölulega lítið sem stendur. Hins vegar geta efnahagsleg tækifæri, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun ásamt grænum hagvexti komið fram í öllum atvinnugreinum og því gerir mat sem byggir eingöngu á grænum atvinnuvegum minna úr efnahagslegu mikilvægi umhverfistengdrar starfsemi en ástæða er til.

## Næstu skref

Til að ná árangri þarf að taka stefnumið um grænan hagvöxt í hverju landi upp í almennari stefnu stjórnvalda. Hér getur OECD komið að liði á ýmsan hátt. Unnt er að laga þann ramma og innsýn varðandi stefnumörkun sem yfirlitsskýrslan (e. Synthesis Report) veitir að aðstæðum tiltekinn landa og veita leiðsögn fyrir áframhaldandi greiningar í formi endurskoðana á tilteknum löndum. Slíkt starf getur boðið upp á tækifæri til ýtarlegs mats á því hvernig stefnumið virka saman (eða ekki) og stuðla að grænni hagvexti. Þróun og betrubætur á vegvísunum um grænan hagvöxt sem felast í þessari stefnu geta stutt frekar við framkvæmd stefnumiða á landsvísu.

Reynslan sem hefur safnast með endurskoðunum á tilteknum löndum og almennu mati á stefnumiðum gæti leitt til þróunar á greiningartæki sem vísaði á forgangsmál hjá ákveðnum löndum á grundvelli samanburðar milli landa og skilnings á því hvað er góð venja. Áframhaldandi þróun mælikvarða og árangursvísa fyrir grænan hagvöxt myndi gagnast í þessu tilliti. Með því að beita slíkum mælikvörðum á tiltæk gögn sem eru samanburðarhæf milli landa hefur raunar mótast ákveðin framkvæmdaáætlun um slíkar mælingar. OECD mun halda þessari mælingaáætlun á lofti á komandi árum til að auka líkurnar á því að unnt sé að fylgjast grannt með þróuninni í grænan hagvöxt í OECD og fleiri löndum.

Frekari greining á kostnaði og ávinningi af ýmsum stjórnækjum þarf einnig að fara fram. Auk þess munu rannsóknir sem beinast að tilteknum mállefnum og atvinnugreinum veita haldbetri upplýsingar um afleiðingar græns



hagvaxtar á ýmsum sviðum. Þau svið sem setja þarf í forgang til að byrja með eru matvæli og landbúnaður, orkugeirinn, vatn, líffræðileg fjölbreytni og þróunarsamstarf sem og stefnumið um þróun borga og dreifbýlis.

Að lokum mun starf OECD í þágu græns hagvaxtar byggjast á nánara samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, þ. á m. stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankann og Alþjóðastofnunina um grænan hagvöxt (Global Green Growth Institute) auk ýmissa hagsmunaaðila, til að auðvelda miðlun reynslu og bestu venju og stuðla að fyrirkomulagi á alþjóðavísu sem leiðir til grænni hagvaxtar í bæði iðnríkjum og þróunarlöndum.

Athugasemdir:

- (1) Þar á meðal eru traust stefnumið um nýsköpun sem eru útfærð nánar í nýsköpunarstefnu OECD (OECD Innovation Strategy).
- (2) Skýrsla OECD um endurmat á atvinnustefnu (OECD Reassessed Job Strategy) getur gagnast í þessu tilliti.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdráttir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

